



Reykjavík, 25. október 2019  
SFS2019090292  
174. fundur  
HG/hvv/khs

Til skóla- og frístundaráðs  
Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu innleiðingar verkefnisins Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi***

Á 171. fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Óskað er upplýsinga um stöðu innleiðingar verkefnisins Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi sem fór af stað á síðasta kjörtímabili.*

**Svar:**

Tillögur starfshóps um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi sem voru settar fram í lokaskýrslu 2016.

*Skilgreina hugtakið lýðræðislegt skóla- og frístundastarf og setja skýr viðmið sem skóla- og frístundasvið vill ná varðandi vinnu í anda lýðræðis og hvernig mati á árangri skuli vera háttað.*

Aðgerðir:

Taka saman og greina hvar starfsstaðir skóla- og frístundasviðs eru staddir í dag í lýðræðislegum starfsháttum og vinnu með lýðræði.

- a) Hluti af innra og ytra mati í skóla- og frístundastarfi er að meta þætti sem snúa að lýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum. Í ytra mati er m.a. í grunnskólum rýnt sérstaklega í nemendalýðræði, í mati á frístundastarfi fer fram mat á virkri þátttöku og lýðræði og í mati á leikskólastarfi er jafnrétti og þátttaka barna eitt af því sem metið er.
- b) Nú eru Laugalækjarskóli/Laugó, Laugarnesskóli/Laugasel orðin réttindaskóli/réttindafrístund UNICEF. Innleiðingu á réttindaskólum og réttindafrístundum í Vesturbænum lýkur núna í nóvember. Hólabrekkuskóli, félagsmiðstöðin Hundradogellefu og frístundaheimilin Álfheimar og Hraunheimar eru að hefja innleiðingarvinnuna nú á haustönn 2019. Meginmarkmið með þeirri hugmyndafræði sem þarna er unnið eftir er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í samfélaginu.
- c) Í spurningavagni til stjórnenda í skóla- og frístundastarfi sem búið er að senda út er m.a. spurt um hvort fólk þekki til Barnasáttmálans og hvort verið sé að vinna markvisst með sáttmálann í starfinu. Niðurstöður liggja ekki fyrir en ættu meðal annars að gefa vísbendingu um hversu mikil áhersla hefur verið lögð á að vinna með réttindi barna, lýðræði og virka þátttöku á viðkomandi starfsstöðum.
- d) Í skýrslu R&G um hagi og líðan ungs fólks í 5. – 7. bekk frá 2019 liggja fyrir upplýsingar um hlutfall barna sem hafa heyrt um Barnasáttmálann og hversu vel þau þekkja hann.

Hlutfall barna í Reykjavík sem hafa heyrt um sáttmálann er 52,2%. Þegar spurt er hversu vel eða illa börnin telja sig þekkja sáttmálann eru það 30% sem telja sig þekkja hann vel eða mjög vel en um 28% segjast ekki þekkja sáttmálann neitt.

Meta upplifun og skilning nemenda á eigin áhrifum í skóla- og frístundastarfi.

- a) Verið er að vinna í því í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 að setja inn í nemendakannanir með spurningum sem snúa að því að meta upplifun og skilning barna á eigin áhrifum í skóla- og frístundastarfi. Horft verður til kannanna UNICEF vegna réttindaskóla/réttindafrístundar varðandi framsetningu þeirra spurninga sem lagðar verða fyrir.
- b) Í gátlistum vegna innleiðingar á menntastefnu er, undir grundvallarþættinum félagsfærni, að finna spurningar sem snúa að lýðræði og lýðræðislegri þátttöku.

Leggja sérstaka áherslu á og draga fram aðferðir og vinnulag með tilliti til virkrar þátttöku og lýðræðis í mati á leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi á vegum sviðsins.

- a) Samhliða nýrri menntastefnu verður lögð sérstök áherslu á og draga fram aðferðir og vinnulag með tilliti til virkrar þátttöku og lýðræðis í mati á leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi á vegum sviðsins.
- b) Í ytra mati í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi er í rýnihópum og vettvangsathugunum spurt um og lögð áhersla á að skoða þætti sem snúa að virkri þátttöku og lýðræði.
- c) Eins og fram hefur komið er það hluti af innra og ytra mati í skóla- og frístundastarfi að meta þætti sem snúa að lýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum og verður það áfram hluti af allri matsvinnu.

Skóla- og frístundasvið setji sér markmið til tveggja ára í senn varðandi áherslur í lýðræðisvinnu innan sviðsins.

- a) Í nýrri menntastefnu er félagsfærni einn af grundvallarþáttum stefnunnar og þar falla undir lýðræði og lýðræðislegir starfshættir.
- b) Annað af leiðarljósum menntastefnunnar er barnið sem virkur þátttakandi sem styður enn frekar við lýðræðisvinnu á starfsstöðum SFS og er í takti við mikilvægar greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

*Gefa starfsfólki rými til að skilgreina lýðræðishugtakið og meta eigin vinnubrögð og starfsumhverfi hvað varðar lýðræðisvinnu.*

Aðgerðir:

Rými skapað í skóla- og frístundastarfi, til dæmis á starfsmannafundum, til að ræða og skilgreina lýðræðishugtakið í tengslum við starfsemi á viðkomandi starfsstað og ákveða áherslur í lýðræðisvinnu. Mikilvægt er að ræða og koma sér saman um hvers vegna slík vinna skiptir máli á starfsstaðnum.

- a) Hver starfsstaður er í lykilhlutverki við að fylgja þessu eftir. Við fræðslu á innleiðingu menntastefnu er m.a. boðið upp á fræðslu um félagsfærni og lýðræði í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ.
- b) Það felast tækifæri í því að kanna betur hvort og hvernig starfsstaðir hafa unnið að því að innleiða lýðræðisleg vinnubrögð hjá sér fram að þessu.

Útbúa gátlista sem gefur starfsfólki vísbendingar um hvers konar vinnubrögð styðja við lýðræðislega vinnu – hægt að meta t.d. tvisvar á ári til að mæla framþróun – og hafa til hliðsjónar þá gátlista sem notaðir eru í ytra mati sviðsins.

Hægt er að nota þann hluta gátlista menntastefnunnar sem snýr að félagsfærni þar sem fjallað er um ábyrgð og virkni og til að nálgast hugmyndir um hvernig má vinna á lýðræðislegan hátt með börnum og unglingum.

Búa til svæði á innri vef þar sem safnað er upplýsingum um efni fyrir kennara og frístundaráðgjafa sem nýtist áhugasömum í vinnu í anda lýðræðis.

Í verkfærakistu menntastefnu sem er vefsvæði opið öllu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi má finna ýmis verkefni og verkfæri sem nýtast vel við lýðræðislega vinnu. Markmiðið er að bæta stöðugt við nýjum verkfærum í kistuna og starfsfólk skóla- og frístundasviðs getur með einföldum hætti bætt verkfærum í kistuna.

*Hlúa að þeim vettvangi sem þegar er til staðar á skóla- og frístundasviði til að vinna í og með lýðræði.*

Aðgerðir:

Útbúið verði ritað efni sem nýtist þeim sem eru að vinna með aukið lýðræði í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi með sérstakri áherslu á skólaráð, nemendafélög og nemenda- og unglingaráð og því fylgt eftir með kynningum og/eða námskeiðum.

- a) Til er handbók um starf skólaráða sem unnin var í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem skólastjórnendur hafa verið hvattir til að nota til stuðnings starfi skólaráða: <http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>
- b) Gerð hefur verið úttekt á hversu lýðræðisleg starfsemi skólaráða er og þær upplýsingar liggja fyrir. Þær má finna í minnisblaði frá grunnskólaskrifstofu til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs frá 05.09. 2019.
- c) Sóknarfæri liggja í því að útbúa ritað efni sem tengjast nemendafélögum og unglingaráðum og fylgja því eftir með kynningum eða námskeiðum.
- d) UNICEF býður upp á gott fræðsluefni og leiðir sem leikskólar, grunnskólar og frístundastarf fær í hendur til að vinna með lýðræði, hugnist þeim að hefja innleiðingarferlið til að verða réttindaskólar eða réttindafrístund.

Uppfæra handbók fyrir starfsfólk og ungmenni sem starfa í ungmennaráðum og Reykjavíkurráði ungmenna sem styður við lýðræðisleg vinnubrögð og virkt samráð við ungmenni um mál sem varða þau.

Handbók ungmennaráða sveitarfélaga var gefin út árið 2017 og hún hefur verið notuð af ungmennaráðum í Reykjavík og Reykjavíkurráði ungmenna síðan hún var gefin út. Hana er að finna á rafrænum formi og þar er m.a. að finna mörg stutt myndbönd sem eru góður stuðningur í starfi ráðanna, sjá nánar: <http://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2018/05/Handb%C3%B3k-ungmennar%C3%A1%C3%B0a-lokaafur%C3%B0-2.pdf>

*Gefa áhugasömu starfsfólki tækifæri til að þróa sig í starfi og gera enn betur í lýðræðisvinnu á vettvangi.*

Aðgerðir:

Árleg grunnnámskeið á vegum SFS um lýðræði og lýðræðisvinnu fyrir starfsfólk í leik- og grunnskólum og frístundastarfi.

Regluleg námskeið eru haldin um lýðræði og lýðræðisvinnu í tengslum við menntastefnuna auk þess sem verkefnisstjóri innleiðingar Barnasáttmálans býður upp á fræðslu og námskeið um barnasáttmálann og barnalýðræði inn á allar starfsstöðvar.

Verkefnastjóri frístundamála býður einnig upp á fræðslu fyrir starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva um lýðræðisvinnu.

Ákveðið fjármagn verði skilgreint í þróunarverkefni til að styrkja verkefni og vinnu með lýðræði.

Þróunarsjóður menntastefnunnar býður upp á styrki til fjölbreyttra verkefna sem tengjast menntastefnunni, m.a. til verkefna sem snúa að lýðræði.

Samið við Menntavísindasvið HÍ um regluleg símenntunarnámskeið sem styrkja lýðræðisvinnu í skóla- og frístundastarfi.

Búið er að gera samning við menntavísindasvið Háskóla Íslands um regluleg námskeið sem tengjast öllum grundvallarþáttum menntastefnunnar.

Samstarf við rannsakendur í háskólasamfélaginu vegna rannsókna á verkefnum sem tengjast lýðræðislegum vinnubrögðum á vettvangi.

Búið er að gera samning við menntavísindasvið Háskóla Íslands vegna rannsókna í tengslum við verkefni sem unnin verða út frá menntastefnunni.

Óska eftir og styrkja áhugasama starfsstaði skóla- og frístundasviðs fjárhagslega sem hafa áhuga á að leggja áherslu á lýðræðislega vinnu í starfsemi sinni. Kynningar og miðlun til annarra yrði hluti af vinnunni.

Í umsóknum um styrki úr A-hluta þróunarsjóðs menntastefnu sem skilað var inn af starfsstöðum SFS sl. vor snertu flestar umsóknir grundvallarþættina félagsfærni og sjálfseflingu. Í gegnum þróunarsjóðinn gefast góð tækifæri til að sækja um styrk til þess að vinna að lýðræðisverkefnum.

*Hefja markvissa innleiðingu Barnasáttmálans í öllu starfi á vegum skóla- og frístundasviðs.*

Aðgerðir:

Gera áætlun um hvernig standa á að innleiðingu sáttmálans í starfi sviðsins.

Búið er að ráða inn verkefnisstýru fyrir innleiðingu Barnasáttmálans í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og er hún að vinna að innleiðingaráætlun fyrir sviðið.

Vera með reglulegar kynningar á Barnasáttmálanum fyrir börn, unglunga og starfsfólk á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.

Verkefnastýra um innleiðingu á Barnasáttmálanum býður upp á fræðslu um sáttmálann á öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.

Fara í aukið samstarf við UNICEF um vinnu við Réttindaskóla barna (e. The Rights Respecting Schools) og gera áætlun um fyrirkomulag þeirrar vinnu.

- a) Verkefnastýra um innleiðingu Barnasáttmálanum er í samstarfi við UNICEF varðandi innleiðingu á réttindaskólum og réttindafrístund UNICEF. Einnig er hafin vinna við innleiðingu á réttindaleikskólum, sem er nýtt verkefni og eru 12 leikskólar búnir að skuldbinda sig að hefja innleiðingu á þessu skólaári. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna. Vonir standa til þess að með markvissri vinnu við innleiðingu á Barnasáttmálanum muni innihald hans endurspeglast í þeim ákvörðunum sem teknar verða á starfsstöðum barnanna í leikskóla, grunnskóla og í frístundastarfi. Eins og fram hefur komið þá verður gerð könnun á því hvernig unnið er með þætti Barnasáttmálans með börnum og hvernig ákvarðanatöku er háttáð með

spurningum sem sendar eru reglulega á stjórnendur. UNICEF gerir einnig reglulegar kannanir með því að senda út spurningalista á þá starfsstaði sem eru að vinna að því að verða réttindastarfsstaðir UNICEF.

- b) Næsta skref í vinnu í innleiðingu Barnasáttmálans væri að tekin yrði ákvörðun um að Reykjavík gerist barnvænt sveitarfélag með stuðningi UNICEF.

*Halda árleg ungmennaþing fyrir unglunga í borginni svo virkni barna og unglunga í allri umræðu og ákvarðanatöku hjá skóla- og frístundasviði verði aukin.*

Aðgerðir:

Halda undirbúningsfund með áhugasömum ungmennum til að skilgreina með hvaða hætti væri best að halda regluleg ungmennaþing og leggja fram tillögu um verklag og framkvæmd. Hugmyndin með slíkum þingum er að unglungum og öðrum áhugasömum gefist kostur á að koma saman, ræða og álykta um málefni sem varða unglunga.

Nú þegar er gert ráð fyrir fjármagni til að halda tvö ungmennaþing á ári og hafa ungmennaráðin í hverfunum tekið að sér það verkefni. Ungmennaráðin hafa fengið svigrúm til að útfæra ungmennaþingin eftir eigin höfði.

Farið verði í hugmyndavinnu með börnum, unglungum og stjórn mála- og embættismönnum varðandi ákjósanlegar leiðir til auka áhrif barna og unglunga á starfsemi skóla- og frístundasviðs.

Þessi vinna er ekki hafin.

Gerð verði tilraun í einni frístundamiðstöð borgarinnar með ráðningu á umboðsmanni ungmenna sem hefur það hlutverk að virkja og styrkja unglunga til þátttöku í lýðræðisvinnu í viðkomandi hverfi. Lögð verður áhersla á getu barna og unglunga til aðgerða og valdeflingu þeirra.

Gerð var tilraun í frístundamiðstöðinni Gufunesbæ þar sem ráðin voru tvö 18 ára ungmenni til þess að vinna með ungmennaráði í viðkomandi hverfi. Verkefnið gekk vel en mikilvægt er að í slíku verkefni felist góður stuðningur við viðkomandi starfsfólk frá frístundamiðstöðvunum.

Opna rafrænan umræðuvettvang fyrir börn og unglunga þar sem hægt er að koma málefnum á framfæri við stjórnendur borgarinnar. Útfærsla unnin í samráði við Betri Reykjavík.

Börn og unglungar geta með einföldum hætti komið hugmyndum sínum á framfæri í gegnum Betri Reykjavík. Einnig er búið að lækka aldur þeirra sem geta kosið um hugmyndirnar og geta því unglungar í 10. bekk tekið þátt í því að kjósa um þær hugmyndir sem stillt er upp til frekari kosninga. Þessi vinna afmarkast þó við smærri nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni. Það felast vissulega sóknarfæri í því að finna frekari leiðir fyrir börn og unglunga til að koma málefnum sínum á framfæri við stjórnendur borgarinnar sem væri þá einnig í takti við að innleiða hugmyndafræði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna enn frekar inn í stjórnsýslu borgarinnar.

Aðgerðaráætlanir og stefnumótun á sviðinu gangi út frá því að hlustað sé eftir og unnið markvisst með raddir barna og unglunga.

Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Börn og unglungar tóku virkan þátt í gerð menntastefnunnar en mikilvægt er að starfsstaðir skóla- og frístundasviðs tileinki sér og leiti leiða til að vinna með þetta markmið að leiðarljósi og fái til þess nauðsynlegan stuðning.